



# GRÍÐROF

**Ríkisstjórnin hefur einhliða rofið áratuga hefð fyrir þríhliða samstarfi og víðtækri sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði. Boðaðar breytingar á vinnulöggjöfinni eru árás á félagsmenn verkalyðshreyfingarinnar og miða að því að skerða völd einstaklinganna í hreyfingunni, ekkert er gert til að bæta réttarstöðu launafólks og ekkert í frumvarpinu liðkar fyrir eða flýtir fyrir vinnu við gerð kjarasamninga.**

Alþýðusamband Íslands krefst þess að þetta frumvarp verði dregið til baka og bendir í því sambandi á eftirfarandi grundvallargalla á frumvarpi félagsmálaráðherra:

- Þar eru settar andlýðræðislegar reglur um atkvæðagreiðslur.
- Þar er ráðgerð grundvallarbreyting á kfallsheimildinni sem mun leiða af sér fleiri verkföll, víðtækari verkföll og lengri verkföll
- Með frumvarpinu hafa stjórnvöld lát-ið undan þrýstingi atvinnurekenda-valdsins og leiðst út í opinbera reglu-setningu um starfshætti og innri mál stéttarfélaganna en slíkt er í beinni andstöðu við samþykktir Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, ILO, einkum nr. 87 og 98.
- Með frumvarpinu er í raun stefnt að breytingu á hugtakinu stéttarfélag að íslenskum rétti og gerð tillaga um að tiltekin félög verði lögvernduð, sem er í andstöðu við bæði samþykktir alþjóða vinnu-málastofnunarinnar og félaga-frelsisákvæði Mannréttinda- og Fé-lagsmálasáttmála Evrópu.
- Með frumvarpinu eru sáttasemjara færð gríðarlega aukin völd. Sáttasemj-ari sem kys að ganga erinda stjórn-valda eða atvinnurekenda getur í raun

bundið félögin við sameiginlegar mið-unartillögur sem með ósanngjörnum reglum um atkvæðagreiðslur er erfitt að fella og kallað niðurstöðuna frjálsa samninga. Þetta getur sáttasemjari gert jafnvel þó að viðkomandi félag eigi ekki í kjaradeilu.

Meginmarkmið þessa frumvarps er

að skerða lýðræðisleg réttindi félaga verkalyðshreyfingarinnar með því að hlutast til um innri málefna stéttarfé-laga og gera í grundvallaratriðum að-ar kröfur til félaga í stéttarfélögum um afgreiðslu mála en tíðkast almennt í þjóðfélaginu. Með því er verið að brjóta gegn meginreglum þeirrar lýð-ræðishefðar sem við búum við.

## Skrítið lýðræði

Af meintri umhyggju fyrir lýðræði og réttindum einstakra félagsmanna hyggst ríkisstjórnin gera félagsmönnum mun erfiðara fyrir en hingað til að hafa áhrif á eigin mál. Kröfurnar um að þriðjungur allra á kjörskrá þurfi að segja nei til að fella samning er beinlínis andlýðræðislegar :

**Já: 3, nei: 1500 = Samþykkt**

Þriggja manna samninganefnd undir-ritar samning fyrir hluta af félags-mönnum stéttarfélags. Af þeim 5000 félagsmönnum sem samningur nær til greiða 30% atkvæði. Ekki einn ein-asti utan samninganefndar greiðir

samningnum atkvæði sitt og 1500 fé-lagar eða 99,8% þeirra sem taka af-stöðu segja nei. Samningur telst samþykktur, lýðræðinu til heiðurs.

### Vald sáttasemjara

Sáttasemjari leggur fram miðlunartil-lögu sem nær til 15.000 félagsmanna á tilteknu sviði. 40% taka þátt í af-greiðslu miðlunartillögu: Já segja 1000, nei segja 4.999. Samningur fellur í lýðræðislegum opnum kosn-ingum með 83% atkvæða gegn 17%. Niðurstaðan: Samningur samþykktur. Eitt atkvæði vantaði upp á að nei at-kvæði fylltu þriðjunginn. Lýðræði?

# Saga málsins

Niðurlagsorð áfangaskýrslu vinnuhóps félagsmálaráðherra:

„Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf víðtæk umræða að eiga sér stað um þetta efni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess ekki verið rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkis-sáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaða-fyrirkomulag.“

Vinnuhópur félagsmálaráðherra var skipaður var í október 1994 til að kynna sér þróun samskiptareglna á vinnumarkaði í öðrum löndum og kanna hvort breyta þyrfti reglum hér á landi. Ofangreind áfangaskýrsla var lögð fram í lok nóvember 1995. Örfáum vikum síðar lá fyrir lagafrumvarp embættismanna í félagsmálaráðuneytinu um breytingar á lögum um sáttastörf í vinnudeilum þar sem einkum er verið að breyta þeim atriðum sem fram kom að ekki hefðu verið rædd til hlítar!

Alþýðusambandið samþykkti á sínum tíma að taka þátt í vinnu hópsins á þeirri grundvallarforsendu að ASÍ teldi mikilvægt að fulltrúar verkafólks kæmu að mótun samskiptareglna á vinnumarkaði og að um þær ríkti sem víðtækust sátt. Annars næðu þær ekki markmiði sínu. Enda mótmælti ASÍ þessum vinnubrögðum og sagði ólilegra að aðilar vinnumarkaðarins semdu um bættar samskiptareglur í frjálsum samningum sín á milli. Í þeirri vinnu lagði ASÍ megináherslu á að efnisinnihald samningsins yrði ásættanlegt og neitaði að samþykkja fyrirfram að ógerður samningur yrði sjálfkrafa að lögum nema um það væri sátt og að öðrum þeim sem málið snerti væri gefinn kostur á að kynna sér það.

Þessi samningsgerð var í gangi þegar félagsmálaráðherra ákvað að rjúfa gríð í málinu með því að leggja einhliða fram frumvarp til laga um breytingar á lögnum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í því er enn farið fram með flest þau atriði sem sögð voru órædd í áfangaskýrslu vinnuhópsins og þau atriði sem verkalýðshreyfing hafði gert hvað alvarlegastar athugasemdir við. Með þessu gríðrofi og broti á áratugalangri hefð fyrir þríhliða samstarfi og sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði, á verkalýðshreyfingin engan annan kost en að taka á málinu með allt öðrum hætti en hingað til.

Haldi stjórnvöld þessu máli til streitu er verið að slíta friðinn.

Útgefandi: Alþýðusamband Íslands  
Ábyrgðarmaður: Arnar Guðmundsson

Sigríður Ólafsdóttir, nýkjörinn varaformaður Dagsbrúnar:

## Fólk sem nýtir ekki lýðræðisleg réttindi sín á ekki að svipta aðra þeirra réttindum

– Það er forkastanlegt hvernig gengið er fram í þessu máli. Eðlilegast er að samið sé um þessi mál og meðan samningaviðræður standa yfir á löggjafinn alls ekki að grípa inn í með þessum hætti. Verkalýðshreyfingin á ekkert svar annað en að mæta þessu af fullri hörku, segir Sigríður.

Um þá kröfu að þriðjungur allra á kjörskrá þurfi að greiða atkvæði gegn miðlunartillögu frá sáttasemjara til að hún teljist felld segir Sigríður að svona hindranir séu beinlínis ólýðræðislegar. – Ég hef alltaf haft þann skilning á lýðræði að það sé réttur þinn til að hafa áhrif og þú hefur tækifæri til að nýta þér hann. Velji einstaklingar að beita ekki þessum rétti sínum er það þeirra mál en á ekki þar með að svipta aðra sínum lýðræðislegu réttindum.

Hingað til hafa félagar í verkalýðsfélagi getað veitt stjórn og trúnaðar-

mannaráði heimild til boðunar vinnustöðvunar fari samningaviðræður út um þúfur og sá sveigjanleiki hefur þá verið fyrir hendi að grípa til þessa vopns eða ekki eftir aðstæðum. – Eigi nú að taka upp þá aðferð að greiða atkvæði um vinnustöðvun á ákveðnum degi er verið að taka nauðsynlegan sveigjanleika úr ferlinu og þá sé ég ekki hvaða kostur það er, segir Sigríður.

– Ég sé ákveðin hættumerki í vinnustaðafélögnum. Dagsbrún hefur gert fjölda sérkjarasamninga og marg þeirra eru eins konar vinnustaðasamningar. En þeir eru gerðir með félagið og verkalýðshreyfinguna að bakhjarli, fyrst og fremst til að styðja einstaklingana á viðkomandi stað. Starfsmenn sjálfir geta verið berskjaldaðir gagnvart fyrirtækinu og því nauðsynlegt að þeir hafi stærra félag að baki sér, segir Sigríður Ólafsdóttir.

Magnús L. Sveinsson, formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

## Sér lögmál um stéttarfélög?

– Ráðherra hefur sagt að með þessu frumvarpi eigi að auka vald hins almenna félaga í stéttarfélagi. Þessu er þveröfugt farið að mínu mati. Vald stjórna og samninganefnda er stórukið. Ég nefni sem dæmi að samningur, gerður af samninganefnd sem í sitja kannski þrjú einstaklingar, gæti öðlast gildi þótt ekki einn einasti félagi utan samninganefndarinnar greiddi honum atkvæði sitt, ef mótaskvæðin ná því ekki að vera nógu mörg, segir Magnús og bætir við dæmi frá VR:

– Þótt 4000 félagsmenn í VR greiddu atkvæði á móti miðlunartillögu frá sáttasemjara og ekki einn einasti greiddi henni atkvæði sitt þá myndi hún samt sem áður skoðast samþykkt því mótaskvæðin ná því ekki að vera 1/3 félagsmanna. Þeir sem ekki taka afstöðu og taka ekki þátt ráða þannig meiru en þeir sem taka virkan þátt og það finnst mér skrýtið lýðræði.

Þegar kemur að ákvæðum um vinnustaðafélög bendir Magnús sérstaklega á að þar sé verið að mismuna stéttarfélögum eftir stærð því í frum-

varpinu sé gert ráð fyrir minni kosningaþátttöku í minni félögum en þeim stærri. – 250 manna félag, stofnað á vinnustað má viðhafa póstkosningu um afgreiðslu kjarasamninga og þá gilda engar reglur um lágmarksþátttöku. En ef VR semur fyrir 250 manna hóp sinna félaga á vinnustað þá er skilyrt að þátttaka sé yfir 50%. Þetta er mismunun og hvati að því að hér verði til fleiri og smærri stéttarfélög sem gengur þvert á þróun undanfarinna ára þar sem félög hafa verið að sameinast til að auka hagræðingu og bæta þjónustuna.

– Svö spyr maður sig: Hví eiga önnur lögmál að gilda um afgreiðslu mála hjá stéttarfélögum en almennt í þjóðfélaginu? Ef upp kemur eitthvað það stórmál í landinu sem ákveðið er að fara með í þjóðatkvæðagreiðslu þá gildir þar einfaldur meirihluti. Hvers vegna ekki hjá félögum í stéttarfélögum? Þótt auðvitað séu í þessu hlutir sem kannski gætu verið til bóta þá eru öll þessi atriði til þess fallin að gera hreyfingunni erfiðara fyrir við að vinna að bættum kjörum.

# Helstu breytingar

Með framlagningu þessa frumvarps hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta gera breytingar á vinnulöggjöfinni sjálfri, þ.e. lögnum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þetta gerist með tvennum hætti; í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lögnum um sáttastörf í vinnudeilum verði aftur hluti af lögnum nr. 80/1938 og í öðru lagi er að finna allmargar tillögur um breytingar á því sem nú er að finna í lögnum nr. 80/1938.

Í blaði af þessari stærð gefst ekki tækifæri til að fara ofan í saumana á öllum þeim fjölmörgu göllum og skerðingarákvæðum sem einkenna frumvarp félagsmálaráðherra. Því eru hér aðeins tünd til nokkur atriði:

## Lögverndun tiltekinna stéttarfélaganna

Frumvarpið gerir ráð fyrir að í 2. gr. vinnulöggjafarinnar verði sérstök heimild til stofnunar stéttarfélaganna starfsmanna fyrirtækis þar sem starfa að jafnaði 250 starfsmenn, enda óski 3/4 þeirra eftir því að gerast félagsmenn. Síðan er sagt: „Fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn.“ Þetta virðist félagsmálaráðherra halda að feli í sér breytingu á möguleikum fólks til að skipuleggja sig. Það er misskilningur. Að núgildandi lögum er ekkert sem hefur komið í veg fyrir stofnun slíkra vinnustaðafélaganna en reyndar. Spurningin snýst um forgangsréttarákvæði í kjarasamningum félaga sem hafa samningsrétt á viðkomandi sviði. Svo virðist sem með niðurlagi greinarinnar eigi að höggva á þann umsamda forgangsrétt með lögboði. Með þessu er einnig verið að lögverja eina tegund stéttarfélaganna umfram önnur og það með hætti sem er í andstöðu við bæði samþykktir alþjóða vinnuálagstofnunarinnar og túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á Mannréttindasáttmálanum.

## Brott gegn vestrænum lýðræðishefðum

Í frumvarpinu er lagt til að til að fella miðlunartillögu þurfa 33,3% atkvæðisbærra að greiða atkvæði gegn henni og að sjálfsögðu meirihluta þeirra sem þátt taka. Kröfumur um þátttöku og afgreiðslu miðlunartillögu eru þannig í reynd að nær útilokað er að fella miðlunartillögu. Besta aðferðin til að átta sig á reglunni er að taka dæmi. Þannig fæli þetta í sér ef að lögum yrði að ef atkvæðisbærir eru 1000 og 332 greiða atkvæði gegn tillögu en 331 með tillögunni þá er tillagan samþykkt. Með öðrum orðum, 66,3% taka þátt, meirihlutinn fellir tillögu en hún er eigi að síður samþykkt þar sem ákvæðið um lág-

mark neiatkvæða er ekki uppfyllt. Annað dæmi: Í 15.000 manna félagi þar sem 4999 segja nei en 1000 segja já er tillagan samþykkt í atkvæðagreiðslu þar sem 40% greiða atkvæði og 83% þeirra sem atkvæði greiða segja nei.

Sennilega felur þetta ákvæði í sér eina verstu aðförina að hreyfingunni sem gerð er í frumvarpinu og í raun ráðagerð um brott á meginreglum þeirrar lýðræðishefðar sem við höfum búið við.

## Fleiri, víðtækari og langvinnari verkföll

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að settar verði nýjar reglur sem gjörbreyta í raun eðli verkfallsheimilda almennu stéttarfélaganna. Miðað er við að greiða verði atkvæði um boðun verkfalls á ákveðnum degi. Í niðurlagsákvæði er svo lagt til að samninganefnd eða til þess bærur fyrirvarsmönnum samningsaðila (mögulega trúnaðarmannaráðum) sé jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun og mega einnig fresta slíkri vinnustöðvun einu sinni eða oftari um allt að 14 sólarhringa samtals. Slíkar frestanir mættu vara lengur en 14 sólarhringa að fengnu samþykki gagnaðila.

Verði þessar reglur að lögum má gera ráð fyrir að veruleg hætta sé á því að allar víðræður sem eiga sér stað eftir að til verkfalls hefur verið boðað verði afar erfiðar. Gera má ráð fyrir félögin verði treg til að fresta eða aflýsa verkfalli nema samningur liggja fyrir og með þessu er sköpuð hætta á langvinnari verkföllum en við höfum séð almennt á undanförmum árum. Hætt er við því að þegar búið er að hafa fyrir því að framkvæma atkvæðagreiðslu um verkfall á ákveðnum tíma og degi, séu menn tregir til þess að hvika frá því eftir alla fyrirhöfnina. Vopnið verður orðið of dýrt til að fórna því. Að þessu leyti er líklegt að verkföllum fjölgi frekar en hitt vegna ósveigjanlegru reglna.

Með reglu frumvarpsins um að fimmtungs þátttöku þurfi til að ákveða verkföll heilla félaga en helmings þátttöku til að boða verkföll hluta félagsmanna er augljóst að stefnir í að verkföll verði almennt víðtækari.

## Innlutun í innri málefni stéttarfélaganna

Með samþykktum ILO um félagafrelsi er tryggður réttur stéttarfélaganna til að ráða sjálf innri málum og setja sér starfsreglur. Með frumvarpinu er brotið gegn þessum rétti.

Gert er ráð fyrir að í 5. gr. vinnulöggjafarinnar verði ákveðið hvert sé umboð samn-

inganefnda sem koma fram fyrir hönd samningsaðila. Í þessu felst að félögin geta ekki svo sem nú er, takmarkað umboð samninganefnda og því felur tillagan að þessu leyti í sér skerðingu á valdi félaganna.

Í frumvarpinu er fyrirætlan um heimild samninganefnda til að framselja umboð sitt til samningagerðar og heimild samninganefndar til að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu með öðrum félögum. Þetta vald hafa samninganefndir ekki haft fram að þessu heldur hefur orðið að fá samþykkt hjá hverju félagi fyrir sig til að fara í sameiginlega atkvæðagreiðslu.

Með ákvæðum 5. gr. og 15. gr. og raunar fleiri ákvæðum frumvarpsins er klárlega hlutast til um innri málefni verkalyðsfélaganna.

## Ruglandi

**Aðrar reglur eiga að gilda um félaga í stéttarfélagum en almennt í lýðræðislegri hefð. Í frumvarpinu eru ýmsar leiðir boðaðar:**

### Afgreiðsla kjarasamninga:

- Leynileg atkvæðagreiðsla um heildarkjarasamning þar sem meirihluti ræður, en þó þarf að lágmarki 20% af félagsmönnum að vera á móti til þess að hægt sé að fella samninginn.
- Leynileg póstatkvæðagreiðsla án skilyrða, einfaldur meirihluti ræður.
- Leynileg atkvæðagreiðsla um kjarasamning á afmörkuðu sviði þar sem meirihluta þátttakenda þarf til að fella, en þó minnst 33% af viðkomandi félagsmönnum greiði atkvæði gegn samningnum.

### Boðun verkfalls:

- Almenn leynileg atkvæðagreiðsla um boðun allsherjarverkfalls, þar sem a.m.k. 20% félagsmanna verður að taka þátt og einfaldur meirihluti þátttakenda ræður.
- Leynileg póstatkvæðagreiðsla án skilyrða um boðun allsherjarverkfalls, einfaldur meirihluti ræður.
- Almenn leynileg atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls á afmörkuðu sviði, þar sem a.m.k. 50% af viðkomandi félagsmönnum verður að taka þátt og einfaldur meirihluti þátttakenda ræður.

### Afgreiðsla miðlunartillögu:

- Leynileg atkvæðagreiðsla þar sem meirihluta þátttakenda þarf til að fella, en þó minnst 33% af félagsmönnum greiði atkvæði gegn samningnum.

# Er einhver vandi með samskiptareglurnar?

Bætt samskipti á vinnumarkaði sem miði að því að auðvelda og einfalda gerð kjarasamninga telur félagsmálaráðherra vera megin rökin fyrir framlagningu frumvarpsins um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Ef miðað er við innihald frumvarpsins er hins vegar augljóst að félagsmálaráðherra hefur mjög takmarkaða þekkingu bæði á framgangi kjaraviðræðna og þeim vandamálum sem verði hafa í samskiptum aðila á vinnumarkaði á undanföllum árum.

Verkalýðshreyfingin hefur í mörg ár krafist þess að tekin verði upp nútímalegri og lýðræðislegri vinnubrögð við gerð kjarasamninga, þar sem samningar og ákvarðanir um laun og önnur starfskjör verði færð nær einstökum starfsgreinum og fyrirtækjum. Hingað til hafa atvinnurekendur hafnað þessu. Þetta atriði, umfram allt annað, hefur valdið verulegum vandamálum í samskiptum aðila á vinnumarkaði, en á þessu hefur félagsmálaráðherra ekki tekið í frumvarpi sínu.

Á því er reyndar ein furðuleg undantekning. Með tillögu ráðherrans um vinnustaðafélög ætlar hann að binda í lög að mjög afmarkaður hluti vinnumarkaðarins, þ.e. sá hluti hans sem er í starfi hjá fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða fleiri, fái raunveruleg áhrif, aukid lýðræði og vald yfir eigin hagsmunum. Forystumenn bæði verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda hafa alfarið hafnað þessu ákvæði en jafnframt hvatt til þess að gerðir séu vinnustaðasamningar. Nánast allar aðrar tillögur ráðherrans miða að því að koma í veg fyrir að langstærsti hluti vinnumarkaðarins fái notið þessarar réttarbótar með því að stórauka miðstýringu við gerð kjarasamninga.

Verkalýðshreyfingin hefur lýst því yfir að ekki sé hægt að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði með yfirlögum löggjafarvaldsins, heldur eigi samningsaðilar að semja um þetta sín á milli líkt og gert er í nágrannalöndunum. Í þessu samhengi er ákaflega mikilvægt að félags-

málaráðherra, og reyndar alþingismenn allir, átti sig á því að bæði verður svigrúm til raunverulegra kjarabóta launafólks til á mismunandi stigum atvinnulífsins og eins eru starfsaðstæður launafólks að hluta til sameiginlegar, að hluta til tengdar starfsgreinum og að hluta til tengdar einstaka fyrirtækjum. Ef takast á að tryggja að laun og önnur starfskjör almenns launafólks taki í ríkari mæli mið af umsömdum ákvæðum kjarasamninga í stað ótryggra yfirborgana sem háðar eru geðþóttarákvörðunum atvinnurekenda, verða samskipti og kjarasamningaviðræður að taka mið af þessu.

## Tryggjum aðlögunarhæfni

Verkalýðshreyfingin telur að forsendan fyrir því að koma á sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði í framtíðinni sé að samningsaðilar komi á heilsteypu samningaferli. Í slíku samningaferli verða heildarsamtök og landsambönd launafólks semja um þann hluta svigrúmsins sem er sameiginlegur og einstök aðildarfélög í nánu samstarfi við starfsmenn og

trúnaðarmenn einstakra fyrirtækja semja um þann hluta svigrúmsins sem verður til í einstaka fyrirtækjum. Með slíku samningaferli væri hægt að tryggja mun meiri aðlögunarhæfni atvinnulífsins, þar sem starfsmenn og stjórnendur hefðu sameiginlega hagsmuni af því að stórauka framleiðnina í fyrirtækjunum til þess að skapa aukid svigrúm til kjarabóta og bættrar samkeppnisstöðu. Á undanföllum árum hafa atvinnurekendur hins vegar staðfastlega hafnað því að koma á raunverulegum sérkjaraviðræðum og vegna algerar miðstýringar samtaka þeirra, þar sem einstaka aðildarfyrirtæki afsala sér endanlega öllu umboði til þess að gera sjálfstæða kjarasamninga, og hafa þannig komid í veg fyrir að hægt sé að þróa samskipti aðila á vinnumarkaði í þessa veru.

Í tillögum formanna landsambanda innan ASÍ um innihald rammasamnings um samskipti á vinnumarkaði var sérstaklega tekið á þessu. Þannig sár m.a. gert ráð fyrir því að í viðræðuáætlun um gerð kjarasamninga yrði kveðið á um það með hvaða hætti samningsaðilar

myndu koma á raunhæfum viðræðum um sérkjarasamninga einstakra landsambanda og félaga. Þessar viðræður voru rétt að fara í gang þegar félagsmálaráðherra ákvað að taka fram fyrir hendurnar á samningsaðilum og leggja fram frumvarpið.

## Stóraukin miðstýring boðuð

Viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar mótað töluvert af því að nánast allar breytingartillögur ráðherrans miða að því að koma endanlega í veg fyrir að hægt verði að þróa samskipti á vinnumarkaði í átt til nútímalegri og lýðræðislegri háttá. Þvert á móti miða flestar þessara tillagna þá því að stórauka miðstýringu við gerð kjarasamninga og binda allt launafólk inn í eina snyrtilega og „friðsamlega samtímalausn kjaramála“ með viðtækri heimild fyrir sáttasemjara að tengja allt og alla inn í eina miðlunartillögu. Afleiðingin yrði sú að ótraustar yfirborganir myndu stóraukast þar sem atvinnurekendur fengu nánast sjálfákvörðunarrétt um launakjör á vinnumarkaði, en á slíkt mun verkalýðshreyfingin aldrei fallast.

**Björn Snæbjörnsson, formaður verkalýðsfélagsins Einingar, Eyjalirði:**

## Augljóst að frumvarpshöfundar skilja ekki um hvað málið snýst

– Eg er orðlaus yfir því að þetta frumvarp skuli yfirhöfuð sett fram í stað þess að lofa mönnum að klára að semja um samskiptareglur á vinnumarkaði. Í stað þess að gefa aðilum vinnumarkaðarins frið til að ná samkomulagi sem myndi duga til bættra samskipta kasta stjórnvöld svona sprengju inn í málið, segir Björn.

– Mikid hefur verið rætt um nauðsyn þess að stækka stéttarfélög svo þau séu sterkari og geti veitt félögunum betri þjónustu og við höfum verið að vinna í því með sameiningu félaga. Svo kemur fram frumvarp þar sem á að lögvernda sérstaklega litil vinnustaðafélög og brytja þannig verkalýðshreyfinguna niður. Eg sé heldur ekki hvaða tilgangi þetta á að þjóna því við höfum lengi gert vinnustaðasamninga.

Björn bendir einnig á gallana á atkvæðagreiðslufyrirkomulaginu: – Í frumvarpinu eru hinar ýmsu útfærslur á atkvæðagreiðslum

sem er mjög ruglandi. Sjálfur er ég jákvæður fyrir póstkosningum og við höfum beitt þeim hér en það er fráleitt að löggjafinn sé að grípa inn í lýðræðislegar atkvæðagreiðslur stéttarfélaganna með því að setja einhvern lágmarksfjölda sem þarf til að fella mál í kosningum. Þetta atriði og fleiri sýna að ráðherra og hans menn skilja einfaldlega ekki um hvað málið snýst.

– Eg vil sjá þetta frumvarp út af borðinu algerlega svo aðilar vinnumarkaðarins geti klárað samningaviðræður og náð friðsamlegri lausn. Séu menn svo hræddir við næstu kjarasamninga að þeir vilji reyna að binda hreyfinguna með þessum hætti þá get ég sagt þeim að ef svona á að ganga fram þá verður allt vitlaust um næstu áramót. Þetta frumvarp boðar hreina hægri stefnu í þessum málum og ég er ekki hrifinn af því, segir Björn Snæbjörnsson.